

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/1999
frá 30. mars 1999

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 7/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan
ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu⁽²⁾ skal felld
inn í samninginn.

Taka ber tilhlýðilegt tillit til sérstöðu Liechtensteins og þeirrar staðreyndar að
fjarskiptaþjónusta í Liechtenstein hefur fram að þessu verið veitt samkvæmt
einkaréttarsamningum við Sviss.

Aðlaga ber ákvæði er varða þriðju lönd í ákvörðun 97/13/EB vegna samningsins.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5cb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5cc. **397 L 0013**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu (Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í 2. mgr. 1. gr. og í viðaukanum komi „EES-samningurinn“ í stað orðsins „sáttmáli“, og orðin „einkum 36. og 56. gr.“ lesist „einkum 13. og 33. gr.“;
- b) hvað varðar tengsl við þriðju lönd sem lýst er í 18. gr. tilskipunarinnar gildir eftirfarandi:
 - 1. Með það að markmiði að ná sem mestri samleitni við beitingu reglna um þriðju lönd í tengslum við heimildir og starfsemi samkvæmt leyfum skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum eins og lýst er í 1. mgr. 18. gr. og hafa samráð um málefni er um getur í 2. mgr. 18. gr. innan ramma sameiginlegru EES-nefndarinnar og í samræmi við tilteknar reglur er samþykktar verða af samningsaðilum.
 - 2. Hvenær sem bandalagið semur við þriðja land á grundvelli 2. mgr. 18. gr. til þess að fá sambærileg réttindi fyrir stofnanir sínar skal það kappkosta að fá sömu kjör fyrir stofnanir EFTA-ríkjanna;
- c) í lið 4.7 í viðaukanum við tilskipunina, komi „skuldbindingar bandalagsins eða EFTA-ríkis gagnvart þriðju löndum“ í stað orðanna, skuldbindingar bandalagsins gagnvart þriðju löndum“;

- d) hvað varðar 2. mgr. 3. gr. geta einstök leyfi sem Liechtenstein veitir einnig verið háð sérstökum skilyrðum sem:
- i) gera ráð fyrir óslitinni þjónustu við viðskiptavini í Liechtenstein sem áður var veitt samkvæmt einkaréttarsamningum við Sviss,
 - ii) auðvelda umskiptin úr fyrri einkaréttarsamningum við Sviss með því að koma á kerfi sem grundvallast á samkeppnisútboði í tengslum við veitingu grundvallarþjónustu (eins og skilgreint er í lögum Liechtensteins frá 20. júní 1996 um fjarskipti) í Liechtenstein,
 - iii) taka til greina, í samræmi við EES-lög, kröfur um altæka þjónustu samkvæmt þeim sérstöku aðstæðum sem eiga við um mjög lítil net.“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner